



xxxx sveitarfélaga  
2015  
B.t. félagsmálastjóra/mannauðsstjóra  
Heimili  
Pnr Staður

Reykjavík 07. Apríl

## Félagsliðar og fagleg þjónusta í umönnunar- og velferðarþjónustu

Félag íslenskra félagsliða vill vekja athygli á að félagsliðar eru ört vaxandi stétt er starfar á hinum ýmsu sviðum umönnunar- og velferðarþjónustu, meðal annars hjá sveitarfélögum landsins. Félagsliðar vinna meðal annars á heimilum og vinnustöðum fatlaðs fólks, í leik-, grunn- og framhaldsskólum og á hjúkrunar- og öldrunarheimilum.

Félagið hefur haft af því áhyggjur hversu fáir félagsliðar starfa á sumum vinnustöðum sveitarfélaganna á ofantöldum sviðum og hve hátt hlutfall ófaglærðra er þar starfandi. Félagið telur það sameiginlegt hagsmunamál félagsliða og sveitarfélaga að hafa menntaða félagsliða í umönnunar- og velferðarþjónustunni. Það styrkir faglegt starf og gæði þeirrar þjónustu sem boðin er.

Stjórn FÍF vill benda á mikilvægi starfs menntaðra félagsliða en nám þeirra er sérsniðið að þörfum umönnunar- og velferðarþjónustu og er til þess fallið að auka gæði faglegrar þjónustu. Stjórn FÍF trúir því að sveitarfélög vilji bjóða upp á góða þjónustu fyrir þá sem nýta umönnunar- og velferðarþjónustu og vilji hafa til þess hæfa og vel menntaða starfsmenn.

Því miður hefur félagið fengið umkvartanir frá félagsliðum sem starfa hjá sveitarfélögum og fá hvorki að bera starfsheitið félagsliði né fá menntun sína metna. Áriðandi er að þetta verði lagað svo starfsólk fái ekki röng skilaboð um að faglegt starf og gæði skipti ekki máli. Fyrir tveimur árum síðan var sett af stað viðbótarnám fyrir félagsliða og eins og staðan er núna þá er aðsókn afar lítil, enda hvatinn lítill meðan starfsfólk fær ekki menntun sína metna.

Félagið lýsir sig reiðubúið til að kynna starfsstéttina félagsliðar fyrir fulltrúum sveitarfélaganna og finna sameiginlegar leiðir til að styrkja og stuðla að faglegri umönnunar- og velferðarþjónustu.

Meðfylgjandi er kynningarbæklingur félagsins og á [www.felagslidar.is](http://www.felagslidar.is) er hægt að nánari upplýsingar um starfsstéttina félagsliðar.

Með fyrirfram þökk

---

Salvör Sigríður Jónsdóttir  
Formaður FÍF